



Landsvirkjun

Alþingi
Erindi nr. *P 141/435*
komudagur *9.11.2012*

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík - Iceland
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími/Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07

Alþingi
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK
v/t Hildur Eva Sigurðardóttir

Reykjavík, 07.11.2012
Tilvísun vor: 62 BJA -01

Efni: **Svar við fyrirspurn umhverfis- og samgöngunefndar um 89. mál**
– tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Borist hefur eftirfarandi fyrirspurn frá nefndasviði Alþingis:

Fyrirspurn: umhverfis- og samgöngunefnd fjallar nú um 89. mál – tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Í tengslum við þá umfjöllun óskar nefndin eftir upplýsingum um virkjanaframkvæmdir á þeistareykjum og í Bjarnarflagi, hver staða sé í tengslum við framkvæmdir, hvort þær séu hafnar og ef ekki þá ástæður þess og hvenær áætlað er að þær geti hafist.

Á undangengnum árum hefur Landsvirkjun unnið að ýmsum undirbúningsverkefnum og rannsóknum vegna fyrirhugaðra virkjana í Bjarnarflagi og á Þeistareykjum. Árið 2011 auglýsti Landsvirkjun alþjóðlegt útböð á ráðgjafabjónustu fyrir hönnun og gerð útböðsgagna vegna framkvæmda við allt að 90 MW virkjun á Þeistareykjum og 45 MW virkjun í Bjarnarflagi með möguleika á stækkun í 90 MW. Íslensku fyrirtækin Mannvit og Verkís urðu hlutskörpust í útböðinu og þann 20. október 2011 var undirritaður samningur upp á 2,9 milljarða króna, einn stærsti ráðgjafasamningur Íslandssögunnar. Það sem af er árinu 2012 hefur undirbúningur framkvæmda staðið yfir. Gert er ráð fyrir að 45 MW virkjun í Bjarnarflagi eða á Þeistareykjum verði fyrsta skref í varfærinni uppbyggingu sjálfbærrar jarðvarmavinnslu á Norðausturlandi til að mæta vaxandi eftirspurn eftir orku á svæðinu.

Landsvirkjun hefur átt viðræður við fjölmarga mögulega viðskiptavini og stundað umfangsmikið markaðsstarf fyrir iðnaðaruppbyggingu á Bakka. Landsvirkjun hefur gengið frá einum raforkusölusamning við PCC BakkiSilicon hf., íslenskt dótturfélag PCC SE frá Þýskalandi, um sölu á 456 GWst/ári sem samsvarar 52 MW í afli. Samningurinn er undirritaður með ákveðnum fyrirvörum, þ.m.t. um tilheyrandi leyfisveitingar, samninga PCC við íslenska ríkið og Landsnet og fjármögnun, sem er áætlað að verði lokið fyrir maí 2013. Gert er ráð fyrir að kísilmálmverksmiðja PCC taki til starfa í lok árs 2015.

Undirbúningur Landsvirkjunar miðar að því að hægt verði að ráðast í virkjunarframkvæmdir við 45 MW virkjun með stuttum fyrirvara annaðhvort í Bjarnarflagi eða á Þeistareykjum. Vegna Bjarnarflagsvirkjunar er unnið er að gerð samninga við hluta landeigenda en öðrum samningum er þar lokið. Á Þeistareykjum er unnið að gerð tengisamnings við Landsnet en þar er samningum við landeigendur lokið. Þegar þessum samningum hefur verið lokið telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt öll skilyrði sem þarf til að sækja um virkjunarleyfi Orkustofnunar og framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélaga í Bjarnarflagi og á Þeistareykjum.

Virðingarfyllst,

Hörður Arnarson
forstjóri